

Nd.

241. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Svo sem fram er tekið á þskj. 236 — nefndaráliti um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki — hefir minni hluti nefndarinnar gefið út álit sitt um hafnargerð á Akranesi án þess að hafa yfirfarið frv. með meiri hlutanum eða leitað samvinnu við hann um afgreiðslu málsins. Leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Meiri hlutinn hefir nú við athugun málsins afráðið að mæla með frv. talsvert breyttu og samræmdu þeim öðrum hafnarlagafrv., sem fyrir liggja, og visast til fyrrnefnds þskj. 236 nm ástæður nefndarinnar fyrir breytingunum.

Ettir framansögðu leggnr því meiri hl. til, að frv. á þskj. 104, um hafnargerð á Akranesi, verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til hafnargerðar á Akranesi veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögnum, allt að 400000 kr., gegn $\frac{2}{3}$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 400000 kr. láni, er hafnarsjóðnr Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu.

Tillag ríkissjóðs og lánsábyrgð er bundin því skilyrði, að yfirnefndun verksins og reikningshald sé falið manni, sem ríkisstjórnin samþykkir. Ennfremur skal sannað fyrir ríkisstjórninni áður en framlag ríkissjóðs greiðist eða ábyrgð veitist, að full trygging sé fyrir greiðslu þess þriðjungs kostnaðar, sem hafnarsjóði Akraness er ætlað að leggja fram án ábyrgðar ríkissjóðs.

3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnmálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja og nandsynlegar kynnu að verða til hagnýtingar henni og fyrir kaupþúnið.

4. Við 11. gr. Á eftir staðið e. komi:

f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupþúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Alþingi, 7. marz 1930.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskrifari.

Ásg. Ásgeirsson,
með fyrirvara.